



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 9. febrúar 2016, kl. 11:00 símafundur

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Þórður Freyr Sigurðsson, Margrét Runólfsdóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sitja einnig fundinn og ritar Valgerður fundargerð. Magnús Bragason boðar forföll.
Fundur settur kl 11:05

Dagskrá

Kynning á samningsdrögum frá SASS

- Þórður kynnti á síðasta fundi helstu hlutverk Markaðsstofunnar skv. þeim samningsdrögum sem fyrir liggja.
- Þar kemur fram að helstu hlutverk Markaðsstofunnar yrðu skv. þeim að veita ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og markaðsmála ásamt því að leiðbeina um stoðkerfi ferðapjónustunnar sem og þátttaka í mótun sóknaráætlunar mikilvæg sem og önnur verkefni á sviði byggðarþróunar.
- Formaður óskar eftir að nánari útskýringar á því hverjir geta sótt sér ráðgjöf hjá MSS. Þórður svarar því til að hver sem er á Suðurlandi og er í atvinnurekstri, geti sótt sér ráðgjöf.
- Bæta þarf fylgiskjöl samningsins þannig að allt sé á hreinu varðandi sérhæfingu samningsaðila, það er að segja að það sé betur skilgreint hvaða ráðgjafa þjónustu MSS mun veita. Verður það ákvarðað og unnið í sameiningu.
- Þá verður nánar útskýrt hvernig tímum samningsins verður varið.
- Ýmsar vangaveltur ræddar og fyrirspurnum svarað vegna fjármagnsins sem fyrirleggur, hvort að ferða- og fundarkostnaður sé innifalinn oþh.
- Kostnaður við ráðningu annars starfsmanns vegna aukinna verkefna ræddur.
- Ákveðið er samhljóða að samningur við SASS verði samþykktur til reynslu í eitt ár. Formaður vill bóka athugasemdir um að fjárhæð samningsins sé að öllum líkindum ekki nægilega há.
- Framkvæmdarstjóri útlistar kosti og galla þessa samnings, en það liggur ljóst fyrir að fjármagn samningsins stendur ekki undir ráðningu starfsmanns í fulla stöðu. Framkvæmdarstjóri telur að þessi samningur muni styrkja undir stoðir MSS sem og efla samstarfið við SASS.

Önnur mál

- Starfsmannamál Markaðsstofunnar eru rædd og er verkefnastjóra gert að víkja af fundi kl 11:40.

- Ræddar eru mismunandi leiðir til að bæta við starfsgildi í hlutastarf og framkvæmdastjóra falið að leita leiða í þeim efnum til að koma til móts við aukin verkefni sem samningnum fylgja. Leitað verður að lausn, fyrst til 5 mánaða til reynslu.

Fundi slitið kl 12:20